


# Oyster Perpetual 28

Oyster, 28 mm, gull

Oyster Perpetual 28 úr 18 kt gull með *green stone* skífu og Oyster keðju.




*GREEN STONE* SKÍFA

# Hrífandi nýjung

Á lakkskífu Oyster Perpetual 28 eru þrjú af klukkustundamerkjunum – við tölustafina 3, 6 og 9 – úr náttúrulegum steini, í fyrsta skipti frá Rolex.

Blóðsteinninn hefur margvísleg græn litbrigði og er skorinn í keilulaga form á efra yfirborðinu til að sýna vel einstaka uppbyggingu hans og lögun og koma í veg fyrir alla endurspeglun.



18 KT GULL

## Skuldbinding við ágæti

Með því að reka eigin málmsteypu býr Rolex yfir framúrskarandi getu til að steypa hágæða 18 kt gullblöndur. Samkvæmt hlutfalli af silfri, kopar, platínu eða palladíum sem bætt er við fást mismunandi tegundir af 18 kt gulli: gult, bleikt eða hvítt.

Þetta fer aðeins fram með hreinustu málmum og eru þeir skoðaðir vandlega af rannsóknarstofunni á staðnum þar sem notast er við nýjustu tækni. Þetta er gert áður en gullið er mótað og lagað þar

sem sama áhersla á nákvæmni er viðhöfð.
Skuldbinding Rolex við ágæti hefst við upptökin.



OYSTER KEÐJAN

# Fullkomin samsetning forms og virkni

Oyster keðjan er fullkomin samsetning forms og virkni, fagurfræði og tækni.

Þessi sterka og þægilega málmkeðja var sett á markað á síðari hluta 4. áratugar síðustu aldar og er með breiða, flata hlekki í þremur hlutum og er alhliða keðja í vörulínu Oyster. Hjá Oyster Perpetual módelum er Oyster keðjan með Oysterclasp.




2232 GANGVERK

# Einstök frammistaða

Calibre 2232 var kynnt árið 2020 og er af nýrri kynslóð sjálftrekkjandi, vélræns gangverks sem var þróað og er framleitt eingöngu af Rolex. Það er með Syloxi fjöður úr sílíkoni, með einkaleyfi, og hefur einstaklega nákvæma tímamælingu.

Syloxi fjöðrin verður ekki fyrir áhrifum af segulsviðum og heldur stöðugleika við hitabreytingar og er allt að 10 sinnum nákvæmari en hefðbundin fjöður við högg. Lögun hennar er skráð undir einkaleyfi og tryggir stöðuga virkni í hvaða stöðu sem er.

# Meira tæknileg ítaratriði
# Oyster Perpetual

Tilvísunarnúmer 276208

## Úrkassi módels

**Gerð**
Oyster, 28 mm, gull

**Þvermál**
28 mm

**Efni**
gull

**Hringur**
Kúptur

**Oyster hönnun**
Monobloc miðkassi, skrúfuð bakhlið kassa og trekkjari

**Trekkjari**
Skrúfuð niður, Twinlock tvöfalt vatnsvarnarkerfi

**Gler**
Safír með rispuvörn

**Vatnsþéttni**
Vatnshelt við 100 metra / 330 fet

## Gangverk

**Gerð**
Stöðugt, vélrænt, sjálftrekkjandi

**Verkgerð**
2232, framleiðandi Rolex

**Nákvæmni**
-2/+2 sek/dag, eftir umgjörð

**Sveiflugjafi**
Syloxi óróafjöður úr sílikoni með búnaði sem nýtur einkaleyfis. Hágæða Paraflex höggdeyfar

**Trekkja**
Sjálftrekkjandi með Perpetual sjálfvindulóð í báðar áttir

**Hleðsluforði**
U.þ.b. 55 klukkustundir

**Aðgerðir**
Vísar frá miðju fyrir klukkustund, mínútu og sekúndur. Stoppar á sekúndum sem veitir nákvæman tíma

## Armband

**Gerð**
Oyster, þriggja hluta gegnheilir hlekkir

**Efni í armbandi**
18 kt gull

**Lás**
Oysterclasp sem leggst saman með 5 mm þægilegum Easylink hlekk til lengingar

## Skífa

**Gerð**
*Green stone*

**Ítaratriði**
Afar læsileg Chromalight lýsing með langvarandi bláum ljóma

## Vottun

**Gerð**
Superlative Chronometer (opinber chronometer vottun + Rolex vottun eftir að úrverkið er sett í kassann)

# Uppgötvaðu meira á Rolex.com

**Öll hugverkaréttindi eins og vörumerki, þjónustumerki, viðskiptaheiti, hannanir og höfundarréttur eru áskilin.**

Ekkert á þessu vefsvæði má afrita nema að fengnu skriflegu leyfi. Rolex áskilur sér réttinn til að breyta módelunum sem eru sýnd á vefsvæðinu.

ROLEX